



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

# Ársskýrsla 2006

- Akureyri -  
- 2007 -



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

Brekkugötu 17, 600 Akureyri  
sími 460-1290, fax 460-1291

netföng: [adalbjorg@akureyri.is](mailto:adalbjorg@akureyri.is), [lara@akureyri.is](mailto:lara@akureyri.is)  
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,  
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.


## Um starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri árið 2006

Á árinu 2006 náðist það takmark að koma öllu safnefninu undir eitt þak í nýjar og endurbættar geymslur í Brekkugötu 17. Undanfarin u.þ.b. 25 ár hefur safnið haft geymslur, eina eða fleiri, annars staðar en í safninu sjálfu, sem skapaði mikil óþægindi og er því afar ánægjulegt að því skuli nú lokið.

### Um starfsemina

Safnið tók við 75 skjalaafhendingum og er það heldur lægri tala en árið 2005, sem var metár með 90 afhendingar. Skrá yfir aðföngin má sjá hér aftar.

Gestir á lestrarsal árið 2006 voru alls 511, þar af voru 363 karlar og 148 konur. Þetta er nokkuð lægri tala en árið á undan, en á móti kemur að þessir gestir virðast hafa dvalið lengur á staðnum því að þeir fengu mun fleiri skjöl að láni eða alls 2349 skjalanúmer og er það langhæsta tala sem sést hefur frá upphafi safnsins. Þetta skýrist væntanlega af því að nokkuð mörg langtíma verkefni voru í gangi og m.a. hófst aftur ritun á Sögu Akureyrar sem legið hafði niðri um hríð. Erindi, fyrirspurnir og uppflettingar fyrir viðskiptavinum voru um 610 talsins sem er heldur lægri tala en árið áður.



## Sýningar

Tvær sýningar voru haldnar á árinu. Sú fyrri var um ævi og störf sr. Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili og bar heitið **Sú þrá að þekka og nema** og var haldin í tilefni af því að 150 ár voru liðin frá fæðingu Jónasar. Að sýningunni stóðu Landsbókasafn Íslands/Háskólabókasafn, Héraðsskjalasafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri og Amtsbókasafnið á Akureyri. Sýnd voru handrit, bækur, myndir og munir sem tengdust sr. Jónasi og fjölskyldu hans og stóð sýningin í tvo mánuði frá 30. júní til 31. ágúst.



Reisupassi Jóns Sigfússonar frá 1850.



Blómateikningar sr. Jónasar.

Þann 22. september var sýningin síðan opnuð í Þjóðarbókhöfðu, en þá með, öðru efni en hér.

Seinni sýningin var í tilefni af norrænum skjaladegi sem árlega er haldinn hér á landi og á hinum Norðurlöndunum annan laugar- dag í nóvember. Þemað að þessu sinni var samgöngur, og var af því tilefni sett upp sýning sem bar heitið **Á ferð**. Sýningin var tvískipt, hluti hennar var í anddyri Héraðsskjalasafns og Amtsbóka-safns en annar hluti í anddyri Ráðhússins í Geislagötu 9.

Sýningarefnið birtist einnig á vefslóðinni <http://skjaladagur.is> og er þar hægt að skoða efni frá öllum söfnunum sem tóku þátt í þessu verkefni.

Akureyri í desember 2007,  
Aðalbjörg Sigmarsdóttir  
- héraðsskjalavörður -

## Aðfangabók 2006

1. Guðríður Eiríksdóttir og Ingibjörg Tryggvadóttir, Akureyri, afh. 3. febrúar segulbandsupptökur frá miðilsfundum Guðrúnar Sigurðardóttur frá Torfufelli frá árunum 1956-1983.
2. Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum, afh. 7. febrúar bókhaldsbækur og skýrslur um mót og æfingar frá Ungmennasambandi Eyjafjarðar 1909-1978. Einnig handskrifuð leikrit.
3. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 7. febrúar frá Slippstöðinni á Akureyri Starfsmannablaðið Kjöl 1. - 17. árg. 1973-1991.
4. Broddi Björnsson, Akureyri, afh. 10. febrúar bréf og fleira frá árunum 1884-1967 úr dánarbúi Huldu Jónsdóttur og Péturs Hallgrímssonar, Akureyri.
5. Lárus Hinriksson, Akureyri, afh. 10. febrúar bókhaldsgögn, vinnubækur, kvittanabækur o.fl. frá Alþýðuhúsinu á Akureyri á árunum 1952-1963.
6. Hörður Geirsson, Akureyri, afh. 13. febrúar í samráði við Geir Gíslason, Kaupþingi, Akureyri, skjöl sem fundust í Strandgötu 29 frá Veiðifélagi Ólafsfjarðar 1981-1992.
7. Hallgrímur Gíslason, Akureyri, afh. 14. febrúar fyrirlestra árið 2005 o.fl. frá Stoðvinum Míngasafnsins.
8. Sveinberg Laxdal, Túnsbergi, afh. 15. febrúar gangnaseðla 1976 og 1977 í Vaðlaheiði.
9. Hreinn Pálsson, Akureyri, afh. 22. febrúar gerðabækur stjórnar Krossanes-verksmiðju 1946-1990, dagbækur o.fl. um reksturinn 1946-1994. Einnig gerðabækur o.fl. frá Kvenfélagi Alþýðuflokksins á Akureyri 1982-1992 og bréf til Alþýðuflokksfélagsins 1963. Ennfremur samþykktir, reikninga o.fl. frá Norðlenski tryggingu 1971-1989.
10. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 23. febrúar Félagsmál 1946-47 og 1952, mánaðarrit, útgefið af Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar. Einnig ljóð Kristjáns frá Djúpalæk, Söng verkamanna, við lag Áskels Snorrasonar 1953.
11. Sigurður Jóhannesson, Akureyri, afh. 23. febrúar skjöl frá Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri.
12. Ingólfur Ármannsson, Akureyri, afh. 1. mars námsgögn frá Hvanneyri 1916-1918 og gögn varðandi útgáfu á Byggðum Eyjafjarðar 1973 úr förum Ármanns Dalmannssonar, Akureyri.
13. Benedikt Sigurbjörnsson, Akureyri, afh. 8. mars Þorraminni, kvæði eftir Sigfús Bjarnason (1897-1979), ort um 1930, uppskrifað af Sigurbirni Benediktssyni (1899-1987).

14. Þórður V. Steindórsson, Þríhyrningi I, afh. 10. mars gjörðabók stjórnar Leikfélagasambands Norðurlands 1983-1993, einnig lög sambandsins.
15. Sigrún Finnsdóttir, Akureyri, afh. 14. mars afsöl fyrir Glerárholti (1906) og Sæborg (1934) í Glerárþorpi úr fórum forfeðra sinna Bergs Björnssonar, Björns Guðmundssonar og Freygerðar Þorkelsdóttur.
16. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 15. mars úr Amtsbókasafni rit Davíðs Stefánssonar: Ávarp fjallkonunnar á tíu ára afmæli lýðveldisins 1954. Útg. Ríkisstjórn Íslands.
17. Jón Hjaltason, Akureyri, afh. 16. mars Nýsköpunaröld, saga sjávarútvegs á Íslandi, III. bindi 1939-1973. Akureyri, Bókaútgáfan Hólar, 2005.
18. Jón Margeirsson, Reykjavík, afh. 14. mars greinargerð eða bókun varðandi bókina Minningar úr MA.
19. Halldóra Stefánsdóttir, Akureyri, afh. 27. mars gögn frá Kvenfélaginu Hlíf: Sjóðbók 1998-2003, kaffisjóður 2001-2003, reikningar 2000-2003.
20. Hermann Sigtryggsson, Akureyri, afh. 5. apríl myndir í römmum frá Rót-arárýklúbbsi Akureyrar 1941-1989.
21. Helgi Hallgrímsson, Egilsstöðum, afh. 10. apríl þrjú bréf, óheil, úr fórum Odds Björnssonar prentsmiðjustjóra, dags. 1903-1914.
22. Steindór Gunnarsson, Akureyri, afh. 21. apríl skjöl úr fórum Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum.
23. Hreinn Pálsson, Akureyri, afh. 24. apríl samninga, reikninga o.fl. gögn frá Byggingafélagi Akureyrar 1940-1994.
24. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afh. 27. apríl úr Amtsbókasafni - Áætlun um rekstur, fjármál og framkvæmdir Akureyrarbæjar á árunum 2006-2008.
25. Knútur Otterstedt, Akureyri, afh. 3. maí uppskrift frá 1733 á kaupsamningi fyrir Laugaland í Hörgárdal frá 1399, bréf og vottorð frá 19. öld, e.t.v. úr fórum Friðriks Þorgrímsssonar úrsmiðs.
26. Sigurgeir B. Þórðarson, Akureyri, afh. 3. maí Ársreikninga Akureyrarbæjar og sundurliðun ársreikninga 2005, 3 hefti.
27. Sigríður Hlöðversdóttir, Akureyri, afh. 3. maí frá Brekkuskóla, texta með skyggnum úr landafræði, skólablöð frá Gagnfræðaskóla Akureyrar og frá Menntaskólanum á Akureyri 1974-1982, einnig leikskrá frá Leikfélagi Akureyrar 1997.
28. Ásdís Á. Þorvaldsdóttir, Akureyri, afh. 5. maí bekkjarkladda úr Brekkuskóla 1982-1984.
29. Páll Jóhannesson, Akureyri, afh. 9. maí gögn frá Íþróttafélaginu Þór frá árunum 1937-1985.
30. Arnfinnur Arnfinnsson, Akureyri, afh. 9. maí gögn frá stúkunum Akurliljan no 275, Brynja no 99, Ísafold-Fjallkonan no 1, umdæmisstúku Norðurlands no 5, ungmennastúkunni Akurlilja no 2, barnastúkunum Sakleysið no 3, Von no 75 og Hjalteyrarblómið no 36, frá árunum 1885-1987.

31. Þorsteinn Jónatansson, Akureyri, afh. 26. maí gögn frá Jafnaðarmannafélaginu á Akureyri 1924-1931, Sósíalistafélagi Akureyrar 1938-1980, Akureyrardeild Kommúnistaflokks Íslands 1930-1936 og Sovétvinafélagi Íslands 1933-1935, Kaupfélagi verkamanna 1931-1936, Alþjóðasamhjálp verkalyðsins Akureyrardeild 1931-1937, Gránufélaginu 1894, Tuliniusarverslun 1925-1928, vinnutímabækur o.fl. frá Jóni S. Sveinbjörnssyni og Lovísu Pétursdóttur, Akureyri 1941-1967, einnig frá Steingrími Eggertssyni, Akureyri 1927-1946.
32. Hrafnhildur Sigurðardóttir, Akureyri, afh. 30. maí frá leikskólanum Klöppum fundargerðir og fleira varðandi rekstur og starfsemi árin 1992-2006.
33. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afh. 31. maí frá bæjarskrifstofu kjörskrá vegna bæjarstjórnarkosninganna 27. maí 2006.
34. Viðir Benediktsson, Akureyri, afh. 31. maí stefnuskrá og kynningarbæklinga L-listans, lista fólksins í bæjarstjórnarkosningum í maí 2006.
35. Stefán Árnason, Eyjafjarðarsveit, afh. 2. júní frá skrifstofu Eyjafjarðarsveitar: Gjörðabækur hreppsnefnda, skólanefnda og fleiri gögn frá Öngulsstaðahreppi, Saurbæjarhreppi og Hrafnagilshreppi 1959-1992.
36. Heiða Karlsdóttir, Akureyri, afh. 6. júní frá bæjarskrifstofu, jólakort til Akureyrarbæjar erlendis frá einnig ljóðið Kveðja til Akureyrar, eftir Margréti Sigurðardóttur, Asparfelli 12, Reykjavík.
37. Guðmundur Heiðmann Jósavínsson, Árhvammi í Öxnadal, afh. 6. júní gjörðabækur Öxndæladeildar KEA 1951-2001.
38. Borghildur Einarsdóttir, Akureyri, afh. 6. júní tryggingaskírteini Jónasar Jónssonar frá Brekkakoti hjá Samvinnutryggingum vegna innbústrygginga og bifreiðatrygginga 1954-1957.
39. Björn Ingólfsson, Grenivík, afh. 21. júní skýrslur um veðurathuganir 1922-1926.
40. Vilhjálmur Ingi Árnason, frá Akureyri, nú í Brasilíu, afh. 23. júní gjörðabækur Neytendafélags Akureyrar og nágrennis 1979-2006.
41. Þórdís Elísadóttir, Akureyri, afh. 26. júní frá Húsi skáldsins minningarljóð um Rannveigu D. Laxdal ort af Matthíasi Jochumssyni 1906.
42. Sigurgeir B. Þórðarson, Akureyri, afh. 28. júní frá bæjarskrifstofu bókhaldsútskriftir 2005.
43. Júlíus Larsen frá Hjalteyri, nú Kjarnalundi, afh. 3. júlí áskorun frá söngfólki Möðruvallaklausturskirkju til Jóhanns Ó. Haraldssonar, tónskálds og svarbréf hans 1959. Einnig prógrömm frá ýmsum menningarviðburðum á Eyjafjarðarsvæðinu 1987-2005 og samninga ýmissa verkalyðsfélaga 1944-1964.
44. Þann 6. júlí var afhent í gengum starfsfólk Amtsbókasafn gjörðabók Tölvangs hf. 1976-1992, stjórnarfundargerðabók sama félags 1977-1993, einnig gjörðabók Laxmanna hf. 1985-1986.

45. Aðalheiður Steingrimsdóttir, Akureyri, afh. 7. júlí gögn frá Jafnréttishreyfingunni á Akureyri 1975-1986.
46. Páll Jóhannesson, Akureyri, afh. 11. júlí Afmælisrit Þórs á 70 ára afmæli félagsins 1985.
47. Ragna og Snjólaug Pálsdætur, Akureyri afh. 12. júlí gögn úr fórum Páls Ólafssonar, Dagverðartungu: Gjörðabók frá Bindindisfélaginu Vakandi í Skriðuhreppi o.fl. frá því félagi 1938-1954; niðurlögnunarskrár, samskotaskrá o.fl. úr Skriðuhreppi frá árunum 1875-1909.
48. Irene Gook, Akureyri, afh. 2. ágúst bréf úr fórum Arthurs Gook 1904-1955 og ýmislegt fleira úr eigin fórum.
49. Skúli Flosason, Akureyri, afh. 9. ágúst gjörðabækur o.fl. gögn frá prófanefnd í málaraiðn á Akureyri 1950-1991. Einnig lög Málarasveinafélags Akureyrar 1935, fundargerðir Roverskáta 1954-1956 og vinnubækur við byggingafyrirtæki Stefáns Reykjalín, skráðar af Flosa Péturssyni 1953-1972.
50. Snjólaug Hólmgrimsdóttir, Efra-Skálateigi 2, Neskaupstað, afh. 31. ágúst einkaskjalasafn Björgvins Sigmundssonar frá Miðvík, síðar á Akureyri frá árunum 1934-2005.
51. Sigurður Jóhannesson, Akureyri, afh. 18. september afsöl, samninga, skuldabréf, hlutabréf o.fl. frá Kaupfélagi Eyfirðinga.
52. Ragnhildur Sigfúsdóttir, Einarstöðum, afh. 19. september gjörðabók fyrir sóknarnefndina í Glæsibæjarsókn 1908-1981.
53. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 22. september ljósrít af lögum Verkalýðsfélags Glerárþorps 1926.
54. Steindór Gunnarsson, Akureyri, afh. 22. september dagbækur og minnisbækur úr ferðum, skeyti, kort o.fl. frá árunum 1902-1969 úr fórum hjónanna Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum og Kristbjargar Dúadóttur.
55. Ásdís Gunnlaugsdóttir, Akureyri, afh. 27. september gögn úr fórum Gunnlaugs Kristinssonar frá því hann var fréttaritari sjónvarpsins á Akureyri 1972-1980. Einnig ýmsar ræður og önnur gögn tengd einkalífi og starfi 1958-1994.
56. Stefanía Ármannsdóttir, Akureyri, afh. 30. september gögn úr fórum Ármanns Dalmannssonar, föður síns.
57. Anna Snorradóttir, Siglufirði, afh. 2. október sálmaskrár við útfarir Rannveigar Dýrleifar Laxdal 1854-1906 og Valdimars Gunnlaugssonar 1868-1905.
58. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afh. 2. október bók nr. 28 í Lestrarfélagi Akureyrar, August Strindberg: Værker I, með nafnalista félagsmanna 1923.
59. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afh. 3. október frá bæjarskrifstofu kjörseðil við bæjarsjórnarkosningar á Akureyri 27. maí 2006.



60. Ingólfur Ármannsson, Akureyri, afh. 20. október gögn frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar 1954-1966, komin úr forum Ármanns Dalmannssonar.
61. Þór Sigurðsson, Akureyri, afh. 27. október nokkur einkaskjöl Bjarna Jónssonar og Sólveigar Einarsdóttur móðurforeldra sinna frá árunum 1906-1922.
62. Stefán Baldursson, Akureyri, afh. 6. nóvember leiðabækur o.fl. frá Strætisvögnum Akureyrar 1974-2004.
63. Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri, afh. 6. nóvember nokkur skjöl varðandi Plasteinangrun h.f. 1983-1989.
64. Þórður Stefánsson, Akureyri, afh. 27. nóvember úr Vélsmiðjunni Atla námssamninga o.fl. 1938-1977, einnig einkaskjöl frá Alfréd Möller, framkvæmdastjóra, Akureyri 1951-1968.
65. Halla K. Sigurðardóttir, Akureyri, afh. 27. nóvember erindi sitt frá 2006, Gleym mér ei, sem fjallar um Matthías Jochumsson.
66. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 29. nóvember gögn frá Slippstöðinni á Akureyri.
67. Gunnar Karlsson, Akureyri afh. 2. desember f.h. Ingibjargar Tryggvadóttur, Akureyri, safn af upptökum frá miðilsfundum Guðrúnar Sigurðardóttur frá Torfufelli á árunum 1956-1983, þ.e. afrit á stafrænu formi ásamt skráum yfir efnið, unnið af Gunnar Karlssyni 2005-2006.
68. Magnús Garðarsson, Akureyri afh. 5. desember frá Fasteignum Akureyrarbæjar ýmsar gögn varðandi viðbyggingu við Amtsbókasafnið.
69. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 5. desember bréf o.fl. frá Meistarafélagi járníðnaðarmanna á Akureyri frá árunum 1961-1972.
70. Árni Björn Árnason, Akureyri, afh. 5. desember gögn frá Norska konsúlatinu úr húsnæði Slippstöðvarinnar.
71. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afh. 6. desember ljósrít af danski grein um Verksmiðjufélagið á Akureyri frá 1908, einnig af nefndaráliti um lántöku fyrir ulla verksmiðju á Akureyri frá 1910.
72. Hanna Rósa Sveinsdóttir, Akureyri afh. 7. desember úr Minjasafni gögn frá Harald Henriksen, Akureyri, sem voru einkaskjöl 1902-1925 frá Hinriki Péturssyni (1855-1932), langafa hans, einnig nótnablað frá Björgvin Guðmundssyni og dagatal úr Vesturheimi.
73. Ellen M. Þorvaldsdóttir, Akureyri, afh. 14. desember fylgiseðil með Rauðakrosspakka frá Ameríku frá því um 1955.
74. Þórunn Gunnarsdóttir, Akureyri, afh. 20. desember úr dánarbúi Sólveigar Hermannsdóttur þyskan 500 milljón marka seðill frá árinu 1923, seðilinn átti Hjalti Friðfinnsson, Akureyri.
75. Sigurður Bjarklind, Akureyri, afh. 22. desember gögn frá Fegrunarfélagi Akureyrar, þ.e. gjörðabók 1949-1975, félagsmannatal 1975 og bréf 1980.

**HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ**  
**Rekstrarreikningur 2006**

---

053110	Tekjur - framlag ríkis, héraðsnefndar o.fl.	5.197.000 cr
053111	Launakostnaður	8.833.000.-
053112	Vörukaup	284.000.-
053113	Þjónustukaup	3.858.000.-
053115	Millifært	13.651.000.-
053116	Annar rekstrarkostnaður	116.000.-
	<u>Samtals:</u>	<u>21.545.000.-</u>

---



